ins, sumpart til þess að leggja járnþak á baðstofu, sem hann hefur byggt á prestssetr- 57
inu fyrir fám árum, sumpart til þess að kaupa handa prestakallinu þann hluta bað- 8. apríl
stofunnar, sem hann á sjálfur, með þeim skilyrðum:

1, að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 15 árum, með 50 krónum á ári, auk vaxta;
2, að járnþakið sje lagt sama ár og lánið er tekið, og sje eptir það baðstofan öll eign prestakallsins;
3, að hafðar sjeu rennur úr járnblikki undir þakbrúnunum;
4, að presturinn haldi baðstofuhúsinu vel við, og að hann eða dánarbú hans á sínum tíma skili því í góðu standi og með fullu álagi;
5, að helmingur lánsins sje ekki útborgaður prestinum fyrr en hann með lögmætri skoðunargjörð hefur sannað fyrir prófasti, að þakið sje lagt á baðstofuna, og að vel sje frá verkinu gengið.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um greiðslu kostnðar við 58
heimsending skipverja af gufuskipinu »Miaca«. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi 16. apríl
yðar, herra landshöfðingi, dags. 14. nóvbr. 1889, hafði móttekið þingsályktun, samþykkta af neðri deild síðasta alþingis, þar sem skorað er á stjórnina að sjá svo um, að kostnaður af heimflutningi skipverja af gufuskipinu »Miaca« árið 1888, sem greiddur hefur verið úr jarðabókarsjóði, verði tjeðum sjóði endurgoldinn úr ríkissjóði eða af öðrum rjettum hlutaðeigendum, og að samningurinn milli Danmerkur og Svíaríkis- Noregs frá 10. ágúst 1883 sem og álíkir samningar við önnur ríki, ekki eptirleiðis leggi neina byrði á landssjóð, var hinn 23. jan. f. á. utanríkisráðaneytinu ritað um málið, og var því þar haldið fram með þeim röksemdum, sem þjer takið fram í framannefndu brjefi yðar, að slík gjöld eins og þau, sem hjer er um að ræða, yrðu að teljast til almennra þarfa ríkisins, er um ræðir í 2. gr. laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, og var þess því farið á leit við nefnt stjórnarráð, að það hlutaðist til um, að hin ofannefnda upphæð, sem til bráðabirgða hafði verið greidd úr jarðabókarsjóði, 1368 kr. 89 aur., yrði endurborguð honum úr ríkissjóði.

Hjálagt brjef frá nefndu stjórnarráði, dags. 20. f. m. ber með sjer, að stjórn utanríkismálanna hefur skotið málinu undir úrskurð fjármálastjórnarinnar, og fjármálastjórnin hefur með rökum þeim, sem fram eru tekin í brjefinu, úrskurðað, að hinn umrædda kostnað beri að greiða af ríkissjóði Dana, með því að hann stafi af einu af alsherjarmálum ríkisins; hefur síðan stjórn utanríkismálanna beðið fjármálastjórnina að endurgjalda jarðabókarsjóði umræddar 1368 kr. 89 aur. og færa upphæðina til útgjalda á gjaldlið þeim, sem ætlaður er kostnaði viðvíkjandi verndan danskrar verzlunar í öðrum löndum.

Þetta undanfelli jeg ekki að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal þess jafnframt getið, að þess hefur hjeðan verið gætt, að optnefnd upphæð hefur verið færð jarðabókarsjóði til inntektar í viðskiptareikningi hans við aðalfjehirzluna.

58 16. apríl Í sambandi við þetta skal jeg samkvæmt þar að lútandi tilmælum utanríkisráðaneytisins þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að brýna fyrir öllum lögreglustjórum, *að* ekki megi íþyngja ríkissjóði með neinum kostnaði við heimsending norskra, svenskra, eða ítalskra sjómanna, nema hlutaðeigandi lögreglustjóri hafi áður svo nákvæmlega sem unnt er fullvissað sig um, að allra þeirra skilyrða hafi verið gætt, sem í samningunum 10. ágúst 1883 og 21. maí 1885 (sjá augl. 30. júní 1885, Stjórnartíð. 1885 A. bls. 24[1] eru sett fyrir því, að hjálpin sje veitt, *og að* gæta verði sem mestrar sparsemi þegar hjálp er veitt samkvæmt samningunum.

59 18. apríl **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* **um stofnun búnaðarsjóðs fyrir Eyjafjarðarsýslu.** — Þjer hafið herra amtmaður, með þóknanlegu brjefi dags. 2. þ. m. skýrt frá, að sýslunefndinni í Eyjafjarðarsýslu hafi nú verið endurborgaðar ásamt 100 kr. vöxtum þær 500 kr., er lánaðar voru búnaðarskólanum á Hólum úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu árið 1883 af því fje, er sýslufjelagi þessu hafði hlotnazt af landssjóðsstyrknum til eflingar búnaði fyrir 1882 og 1883, og hafið þjer jafnframt borið fram með meðmælum yðar þá tillögu sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu, að þessum samtals 600 kr. ásamt 18 kr. 50 a. er eptir sjeu ónotaðar af styrk þeim, sem sýslunni var veittur árin 1886 og 1888 til eflingar búnaði, verði varið til að stofna búnaðarsjóð fyrir sýsluna, sem settur verði á vöxtu og sem sýslunefndin hugsar sjer að auka fyrst um sinn með 50 kr. árlegu tillagi úr sýslusjóði, en hinum árlegu vöxtum af sjóði þessum eigi svo að verja til verðlauna fyrir jarðabætur, sem lúta að grasrækt, einkum handa fátækum framtaksmönnum.

Út af þessu undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg veiti hjer með samþykki mitt til þess, að hinum umgetnu 618 kr. 50 a. verði varið til að stofna búnaðarsjóð þann fyrir Eyjafjarðarsýslu, er að ofan ræðir um.

60 21. apríl **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um flutning á kirkju.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum, dags. 20. jan. síðastl. og 14. þ. m. og eptir að löglegt samþykki hjeraðsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með fallast á, að kirkjan að Firði í Mjóafirði verði seld söfnuðinum í hendur og flutt á jörðina Brekku, og þar byggð upp að nýju með þeim skilmálum, er hjer fara á eptir, sem núverandi eigandi tjeðrar kirkju hefur að gengið og sett hinn 3. sept. 1887 og endurnýjað með yfirlýsingu dags. 30. f. m.

1. Eigandi hinnar gömlu kirkju greiðir af hendi til nýrrar kirkjubyggingar 2000—tvö þúsund krónur, og er þar í innifalinn sjóður hinnar gömlu kirkju, 893 kr. 83 aurar og viðauki við hann, sem kann að verða áður en kirkjan er flutt, þó þannig, að það ár, sem hún er flutt, tilfalli þess árs tekjur hinni nýju kirkju.
2. Sami kirkjueigandi hefur rjett til að útleysa kirkjukúgildin, 12 að tölu með 2200—tvö þúsund og tvö hundruð krónum, þegar hann sjer sjer það fært.

1) Sbr. einnig samning við Bretland hið mikla og Írland 25. júlí 1883 og samning við Þýskaland 31. marz 1885 (Stj.t. A. bls. 20). Í hinum nefnda samningi frá 25. júlí 1883 og samningnum við Noreg-Svíþjóð frá 10. ágúst 1883 eru að öllu samskonar ákvæði eins og í samningum þeim, er prentaðir eru í Stj.t. 1885, bls. 20—27.